

27. fundur skóla- og fræðslunefndar haldinn kl. 16:00 á Breiðabliki 10. desember 2020

Mætt voru: Katrín Gísladóttir, Sigurbjörg Ottesen, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir skólastjóri og Sigurður Jónsson fulltrúi kennara. Kristján Magnússon fulltrúi Borgarbyggðar. Eggert Kjartanson var viðstaddur fyrsta lið fundar.

Katrín setti fund, bauð fundarmenn velkomin og upplýsti að vegna Covid – 19 aðstæðna hefði ekki verið fundað fyrir.

Katrín gaf Eggert orðið sem vildi byrja á því að þakka starfsfólki Laugargerðisskóla fyrir vel unnin störf á erfiðum tímum, þar er mikið gott starf unnið á einstaklingsmiðaðan hátt sem hefur komið sér vel fyrir nemendum.

Eggert fór yfir húsnæðismálin og skólanum. Sveitafélagið á nú allt húsnæðið en áður var það í eigu fleiri sveitafélaga. Eftir að eignahluturinn breyttist hefur verið farið markvisst í lagfæringar og endurbætur á húsnæðinu. Erfiðlega hefur gengið að framkvæma aðgerðir sl ár vegna Covid – 19, bæði vegna lokunar á skólanum og erfiðlega hefur gengið að fá iðnaðarmenn inn. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands kom og tók út húsnæði skólans, íþróttahús og sundlaug og hefur nú skilað eftirlitsskýrslu um það sem gera þarf og ástand húsnæðisins. Heilbrigðiseftirlitið gat staðfest að víðast þar sem rakaskemmdir eru í veggjum er enginn raki lengur til staða en sumstaðar eru blettir ekki að fullu þurrir á þessum stöðum og þarf að skafa burtu skemmda hluta og leyfa þeim að þorna. Sérstakur rakamælir var nýttur í verkið sem er næmari á stöðu svæða en hefðbundinn mælir. Við rakamælingar kom í ljós að það er minni raki inn í veggjum en haldið var.

Koma þarf í veg fyrir leka í vegg í matsal, líklega með því að tappa lögn. Einnig þarf að skrapa málingarskemmda hluta í burtu eftir leka í veggjum víða í húsnæðinu og hreinsa. Þar sem raki mælist ekki er óhætt að loka strax. Settar verða veggplötur á vegg í salernum skólans.

Búið er að afleka mikið af gömlum lögnum og endurnýja með því að setja utanálíggjandi lagnir á vegg. Áfram verður unnið að því að afleka gamlar lagnir og endurnýja. Verið er að fara í lagfæringar á þaki skólans. Þar verður settur sérstakur dúkur. Síðar meir verður hægt að setja þakjárn yfir dúkinn ef þurfa þykir. Búið er að skipta um járn á lágþaki á íþróttahúsi, festa upp loftplötur í sal og skipta um perur. Sundlaugarsvæðið er í lagi að undanskildu að það vantar súrefniskút. Hann verður fenginn á næstu dögum. Sveitastjórn búið að fara yfir skýrsluna og einhugur um að laga húsið og hafa í lagi. Eggert kynnti að lokum fyrir nefndinni deiliskipulag af Laugargerðissvæðinu þar sem áætlað er að bjóða uppá lóðir til íbúðarbygginga.

Ýmsar umræður voru í kjölfar skýrslu sveitastjóra. Húsnæðið orðið gamalt og kominn tími á endurbætur hér og þar og þarf að fagna þessum aðgerðum sem fara á í á næstunni. Kom fram að aðgerðaráætlun miðast við árið 2021. Vatnsveita og vatnsbrunnur eru í lagi og nóg rennsli. Tekið hefur verið sýni úr vatni sem reyndist í góðu lagi. Brunavörnum verður og er framfylgt skv reglum.

Ingveldur telur að loftgæði séu ekki góð í skólanum og hefur áhyggjur af myglueinkennum bæði hjá nemendum og starfsfólki. Umræða um hvort verkfræðistofa eigi að koma að svo viðamiklum endurbótum.

Eggert kvaðst hafa átt samtal við flesta foreldra og telur að veikindi hafi verið minni í haust en oft áður.

Eggert yfirgaf fund og þakkaði fyrir boðið.

Ingveldur óskaði eftir að málefnum tengd skólastarfi verði frestað til byrjun janúar. Samþykkt að fresta áður auglýstum dagskrárliðum s.s. skóladaðgatali 2020 – 2021, starfsmannamálum og fjölgun nemenda. Samþykkt að næsti fundur verði 5. janúar klukkan 16:00 á Breiðabliki

Fundarmenn undirrituðu fundargerðir.

Kristján og Sigurður viku af fundi sem áheyrnarfulltrúar og tekið var fyrir trúnaðarmál sem fært er í þartil gerða trúnaðarbók.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Veronika G. Sigurvinsdóttir ritaði fundargerð.

